

Góðan dag,

Við viljum vekja athygli ykkar á því að mennta- og barnamálaráðuneytið hefur birt reglugerð sem að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölþættan vanda. Með nýrri reglugerð hefur ríkið einhliða endurskilgreint og þrengt þann hóp barna sem fellur undir samkomulagið og sent reikninginn á sveitarfélög landsins.

Samkomulagið fól í sér að ríkið tæki að sér framkvæmd og fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimilis. Nú hefur mennta- og barnamálaráðuneytið hins vegar einhliða ákveðið að endurskilgreina þann hóp sem um ræðir og þrengja hann verulega þrátt fyrir að umrædd skilgreining hafi verið lögð til grundvallar í öllum þeim skýrslum sem unnar hafa verið undanfarin ár og þessir hópar aldrei fyrr verið aðgreindir. Ríkið er því að skilgreina sig frá ábyrgð á tilteknum hóp barna með tilheyrandi óvissu og auknum kostnaði sveitarfélaga.

Þýðing þessarar breyttu skilgreiningar er veruleg. Samkvæmt þeirri skýrslu sem lá til grundvallar samkomulaginu voru 34 börn og ungmenni í skilgreindum hópi barna með fjölþættan vanda árið 2024. Samkvæmt útreikningum Sambandsins í aðdraganda samkomulagsins var gert ráð fyrir sambærilegum fjölda barna á þessu ári. Á þessu ári hefur hins vegar eingöngu verið samþykkt greiðsla fyrir 17 börn og því ljóst að fyrirhugað er að hópurinn sem um ræðir mun minnka verulega.

Af þessu tilefni ítrekar Sambandið að samkomulagið snérist um skýra ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga til framtíðar en ekki um það að ríkið myndi leggja málaflokknum til ákveðið fjármagn. Með samkomulaginu tók ríkið að sér ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustu við þennan hóp. Það er óásættanlegt að ríkið ætli nú að skilgreina hópinn með öðrum hætti en samið var um þar sem það fjármagn sem ríkið ætlaði til málaflokksins er ekki fullnægjandi.

Sambandið telur að engin fagleg rök liggi að baki þessari breytingu heldur fyrst og fremst fjárhagsleg sjónarmið. Jafnframt er um að ræða alvarlegan trúnaðarþrest af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögnum sem treystu á að ríkið myndi standa við samkomulagið.

Það er ljóst að þessi niðurstaða er mikil vonbrigði. Sambandið mun áfram berjast fyrir hagsmunum sveitarfélaga í þessu máli.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga

Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900

www.samband.is / samband@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)

Góðan dag.

Sambandinu hafa borist þónokkur erindi vegna tölvupósts sem fór út í vikunni vegna reglugerðar um fjölþættan vanda barna. Sambandið ítrekar að málið snýr ekki eingöngu að birtingu umræddrar reglugerðar heldur ekki síður að því fordæmi sem umrædd málsmeðferð sýnir. Traust og trúnaður milli ríkis og sveitarfélaga skiptir sköpum í hagsmunagæslu sveitarstjórnarstigsins. Sveitarfélögin verða að geta treyst því að ríkið standi við gefin loforð og víki ekki einhliða frá þeim.

Erindin sem hafa borist Sambandinu snúa m.a. að því hvernig sveitarfélögin geta beitt sér í þessu máli, t.a.m. með ályktunum eða bókunum um þá alvarlegu stöðu sem uppi er. Sveitarstjórnnum er að sjálfsgöðu heimilt að vísa til þess sem fram kemur í tölvupóstinum sem sendur var út í vikunni, við gerð slíkrar ályktunar auk þess efnis sem er að finna á vefsíðu Sambandsins, [s.s. umsögn Sambandsins við drög að reglugerðinni í samráðsgátt 12. maí sl.](#) Þið getið auk þess byggt á eftirfarandi drögum að bókun:

„Sveitarstjórn [nafn sveitarfélags] lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu á hópnum sem skilur þannig eftir ábyrgð og kostnað hjá sveitarfélögum sem á grundvelli samkomulagsins á heima hjá ríkinu.

Sveitarstjórn telur breytinguna óásættanlega, án fullnægjandi faglegra raka og fela í sér alvarlegan trúnaðarbræst af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögum. Skorað er á ráðuneytið að afturkalla reglugerðina og taki þá ábyrgð og skuldbindingu sem samið var um.

Starfsfólk Sambandsins getur aðstoðað ykkur við frekari útfærslu ef þörf er á. Til upplýsinga þá hefur málið fengið umfjöllun í helstu fréttamiðlum í gær og í dag og verður sjónvarpsviðtal við framkvæmdastjóra Sambandsins birt í kvöldfréttum RÚV í kvöld.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga

Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900

www.samband.is / samband@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) / [Legal Disclaimer](#)